

Námsvísir 2022-2023

3. bekkur

Námshæð: Stærðfræði

Kennari: Steinunn María og Bergdís.



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið

Að nemandi geti:

- tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína fyrir öðrum með rökstuðningi
- valið heppilega leið til lausna
- notað hugtök og táknmál úr stærðfræði og hentug verkfæri, þar með talin talnagrind, hlutbundin gögn, skýringarmyndir, talnalínu og vasareikni
- útskýrt uppbyggingu talna í tugakerfinu svo sem einingar og tugir, vinatölur, fylla tuginn og nágrannar
- skráð fjölda og reiknað með náttúrlegum tölum (0, 1, 2, 3 til 999) á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt, raðað þeim og borið saman
- notað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi
- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni og skriflegum útreikningum
- gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot eru notuð í daglegu lífi
- búið til og haldið áfram með mynstur eftir ákveðinni reglu með því að nota hluti, form eða tölur
- notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form (þríhyrningur, ferhyrningur, rétthyrningur, samsíðungur, trapisa, fimmhyrningur, hringur, sívalningur, ferstrendingur, píramídi, kúla, teningur) og staðsetningu (hnitakerfi og rúðunet) í daglegu lífi og umhverfi sínu
- gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu
- áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, þyngd og tíma með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða
- gert rannsóknir á umhverfi sínu, unnið og lesið úr niðurstöðum sínum, sett upp í súlurit eftir forskrift, tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun

Kennsluáferð / vinnulag

Innlögn af töflu. Einstaklingsvinna, para- og hópavinna í ýmsum leikjum og verkefnum. Kennslan brotin upp með stærðfræðihringekjum og lifandi stærðfræðikennslu í anda „Leikur að læra“ hugmyndafræðinnar.

Námsmat

Vinna og virkni í tíma, í lok hvers kafla í Sprotu er kaflapróf og í lok annar er annarpróf

Námshæð

Sproti 3a nemendabók og æfingabók (valdar blaðsíður)

Sproti 3b nemendabók og æfingabók (valdar blaðsíður)

Húrrahefti (fer eftir getu hvers og eins)

Stærðfræðispæjarar

Verkefni fyrir vasareikni 2

Ýmis námsspil

Hlutbundin/áþreifanleg gögn

Aukabækur (fyrir lengra komna):

Í undirdjúpunum; margföldun